



Alþingi

Málsnr.: 1703407

Málalykill: 0342

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
b.t. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. apríl 2017

1704015SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv. til laga um LÍN, 392. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 7. apríl þar sem kallað var eftir umsögn um ofangreint þingmál.

Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga


Um er að ræða lagafrumvarp þess efnis að lögfest er heimild LÍN til þess að veita námsmönnum námslán til aðfararnáms, sé nám skipulagt af viðurkenndum háskóla á Íslandi.

- Aðfararnám (áður nefnd frumgreinanám) er nám sem er skipulagt af háskólum til eins árs og myndar ásamt starfsreynslu nemenda brú til náms við viðkomandi háskóla. Er námið þannig ætlað þeim nemendum sem hyggja á háskólanám en fullnægja ekki inntökuskilyrðum um stúdentspróf. Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Keilir/Háskóli Íslands hafa um langt skeið boðið upp á slíkt nám hérlendis
- Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, *Lánasjóður íslenskra námsmanna-Lánshæfi náms og þróun útlána (2011)* var gagnrýnt að lánveitingar vegna aðfararnáms brytu gegn 1. og 2. gr. laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, en LÍN hefur til langs tíma veitt lán vegna aðfararnáms á Íslandi og erlendis án þess að lagastoð hafi verið fyrir hendi. Benti Ríkisendurskoðun ennfremur á að með framkvæmdinni væri aukinheldur brotin jafnræðisregla gagnvart þeim sem leggja stund á framhaldsskólanám til stúdentsprófs. Með frumvarpinu er umræddri gagnrýni Ríkisendurskoðunar mætt og lagastoð sett undir lánveitingar til aðfararnáms sem telja verður afar jákvætt.
- Mikilvægt er að skýr lagastoð sé fyrir slíkri lánveitingu enda gerir aðfararnám fleiri einstaklinum mögulegt að afla sér frekari menntunar og býr heimildin því til hvata til frekari menntunar. Samræmist frumvarpið því markmiði um hækkað menntunarstig þjóðarinnar. Eftir breytinguna verður ekki lánað til aðfararnáms erlendis en þeir sem hafa notið fyrirgreiðslu vegna slíks náms muni þó eiga áframhaldandi rétt í samræmi við eldri framkvæmd og er því réttur þeirra til að ljúka aðfararnámi tryggður.



- Sambandið gerir ekki athugasemd við frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri